



Fréttatilkynning
11. febrúar 2010

Ársreikningur Landsnets hf. fyrir árið 2009

- Hagnaður ársins nam 1.471 milljónum króna -

Hagnaður Landsnets hf. samkvæmt rekstrarreikningi nam 1.471 mkr. fyrir árið 2009 samanborið við tap að fjárhæð 12.780 mkr. á árinu 2008. Betri afkoma stafar aðallega af mun minna gengistapi en á fyrra ári auk þess sem tekjur af raforkuflutningi hafa aukist.

Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA) nam 9.331 mkr. samanborið 7.066 mkr. á fyrra ári.

Eiginfjárlutfall í árslok var 11,3% samanborið við 10,5% í lok fyrra árs. Eigið fé í árslok nam 8.321 mkr. samanborið við 7.274 í lok árs 2008. Heildareignir félagsins í árslok námu 73.675 mkr. samanborið við 69.384 mkr. í lok fyrra árs. Heildarskuldir námu 65.354 mkr. samanborið við 62.109 mkr. í lok fyrra árs.

Lausafjárstaða félagsins er sterk, í árslok nam handbært fé 5.864 mkr. Handbært fé frá rekstri nam 7.519 mkr. árið 2009 samanborið við 5.760 mkr. árið 2008.

Rekstrarhæfi félagsins er mjög gott. Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 mun handbært fé frá rekstri standa undir fjárfestingum og afborgunum, auk þess sem gert er ráð fyrir að skuldir muni lækka.

Ársreikningur Landsnets hf. var samþykktur á fundi stjórnar 11. febrúar 2010.

Frekari upplýsingar veitir:

Guðlaug Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri fjármála, sími 563 9311 eða netfang gudlaugs@landsnet.is

Helstu niðurstöður rekstrarreiknings, lykiltölur efnahagsreiknings og kennitölur (fjárhæðir eru í þúsundum króna):

Rekstrarreikningur	2009	2008
Rekstrartekjur	13.294.384	10.852.711
Rekstrargjöld	6.343.460	5.686.223
Rekstrarhagnaður	6.950.924	5.166.488
Hrein fjármagnsgjöld	-5.629.476	-20.163.629
Áhrif hlutdeildarfélags	9.162	7.237
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	1.330.610	-14.989.904
Tekjuskattur	140.625	2.210.258
Hagnaður (tap)	1.471.235	-12.779.646

Efnahagsreikningur	31.12.2009	31.12.2008
Fastafjármunir	65.313.425	64.952.759
Veltufjármunir	8.362.315	4.430.746
Eignir samtals	73.675.740	69.383.505
Eigið fé	8.321.983	7.274.765
Langtímaskuldir og skuldbindingar	63.038.557	45.172.553
Skammtímaskuldir	2.315.200	16.936.187
Eigið fé og skuldir samtals	73.675.740	69.383.505

Helstu kennitölur	2009	2008
EBITDA	9.331.062	7.066.391
Eiginfjárlutfall	11,3%	10,5%

Hlutverk Landsnets er að annast flutning raforku á Íslandi, uppbyggingu flutningskerfisins og stjórnun raforkukerfisins.